



Móttökuáætlun Oddeyrarskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna og kennsla í íslensku sem öðru máli

Í grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Í sömu grein segir að grunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. Fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla að mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun.

Oddeyrarskóli styðst við móttökuáætlun sveitarfélagsins sem gefin var út árið 2009.

http://www.eything.is/static/files/SamningarOgSkýrslur/Eything_heimas/innflhandbok.pdf

Hlutverk og ábyrgð þeirra sem starfa í skólanum

- Skólastjóri ber ábyrgð á að til sé móttökuáætlun sem fylgt er eftir þegar nýjir nemendur koma í skólann sem þurfa kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
- Deildarstjórar stiga sjá um að koma á fundum og sitja fundi með foreldrum og nemendum áður en skólaganga hefst.
- Kennsluráðgjafi sem starfar á skóladeild situr einnig móttökuvíðtal og aðstoðar deildarstjóra við skipulag fundarins.

Áður en boðað er til móttökuvíðtals þarf að tryggja að:

- Kennarar og starfsfólk sé upplýst um komu nemendanna
- Kennarar fái stuðning við aðlögun nemenda s.s. við val á kennsluaðferðum
- Aðrir nemendur séu upplýstir og falin viðeigandi ábyrgð gagnvart nýjum nemendum
- Hægt sé að fá tulk sé þess þörf
- Íslenskukennsla sé skipulögð
- Það sé skýr ábyrgð á því hvernig skilaboð berast um daglegt starf í skólanum





Í móttökuviðtali skal fara yfir eftirfarandi atriði:

- Skóladagatal
- Stundaskrá
- Nauðsynlegar upplýsingar um skóla (umsjónarkennari, símanúmer)
- Daglegt skólastarf (frímínútur, mötuneyti, skólareglur, íþróttir og sund, frístund, veikindaforföll)
- Gögn sem nemandi þarf að útvega s.s. ritföng og bækur
- Samstarf heimilis og skóla
- Skipulag fyrstu skóladaga
- Íslenskukennsla
- Óskir og væntingar foreldra og nýrra nemenda
- Áhugamál nemenda
- Námslega stöðu nemanda og hvernig skólagöngu var háttað áður
- Menningu fjölskyldunnar

Íslenskukennsla og aðlögun

Mikilvægt er að nemandi sem kemur frá öðru landi fái tækifæri til að ræða uppruna sinn og öðlist viðurkenningu. Lögð verði áhersla á að:

- Hafa tungumál nemenda sýnileg
- Þjóða fjölskyldum að kynna menningu sína fyrir öðrum í skólanum
- Unnið sé markvisst með verkefni sem tengjast mismunandi menningu, siðum og tungumáli
- Halda reglulega fundi með foreldrum fyrsta árið

Íslenska sem annað mál

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru sett hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál. Þau eru sett fram í þremur flokkum, lestri, bókmenntum og ritun. Viðmiðin eru sett fram í þremur þrepum; fyrir byrjendur, lengra komna og lengst komna.

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli skal að einhverju leyti fara fram sérstaklega með þeim nemendum sem eru að hefja nám í Oddeyrarskóla. Reiknað er með einni til tveimur kennslustundum á dag þar sem mikill stuðningur er veittur. Íslenskukennari (ef hann er ekki hluti af kennarateymi nemanda) skal jafnframt vinna með umsjónarkennara að því að finna



og útbúa viðeigandi námsefni og skipulag svo að nemendur geti starfað meira sjálfstætt í sínum heimabekk. Nemandi tekur stöðumat í íslensku, á 6-8 vikna fresti fyrsta hálfra árið. Einkunnir bóklegra námsgreina eru sniðnar að þörfum nemenda og stjórnumerkta.

Dæmi um kennslu í íslensku sem öðru máli fyrsta árið

Námsþættir	
Stafróf, máhljóð og orðaforði	Farið í íslenska stafrófið, heiti stafa og hljóð. Orðaforði kenndur í þemum í upphafi. Byrjað á orðaforða heimila og skóla, um fatnað, mat, líkama, algengar sagnir o.fl. Orðaforði einnig kenndur út frá orðstofnum, fundin tengsl við erlend orð (t.d. ens) til að tengja saman og festa í minni. Hugtakakort notuð o.fl.
Lestur og lesskilningur	Lestur á auðveldum, samfelldum texta. Áhersla á þætti sem tengjast daglegu lífi, bæði í skólanum og heima. Áhersla á lesskilning með umræðum um texta og myndir, vinnubækur o.fl.
Tjáning, samræður og hlustun	Áhersla á samræður um daglegt líf, veðrið, vikudagana, það sem er á dagskrá í skólanum o.fl. Notum myndir til að búa til myndasögur. Við finnum lykilorð og búum til sögur út frá þeim.
Ritun	Unnið áfram með myndir. Eftir að hafa búið til sögu og rætt um hana er hún skrifuð. Myndir notaðar til að þjálfar ritun um ýmis efni. Ritun út frá hugtakakortum þegar lengra líður.
Málfræði og stafsetning	Málfræði og stafsetning fléttast inn í aðra íslenskukennslu. Þegar rætt er um sögur, myndir o.fl. er farið í þætti eins og orðflokka (nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, pers.fn), eintölu og fleirtölu, kyn orða, andheiti og samheiti o.fl. Rætt er um margræð orð alltaf þegar færi gefst (t.d. horn – á dýri, í herbergi, hljóðfæri, brauð o.s.frv).
Samfélagsgreinar , grenndarkennsla, Ísland	Byrjað á skólanum og ýmsum upplýsingum um hann, bæði starfsfólk, nemendafjölda, næsta umhverfi o.fl. Við vinnum með Akureyri, helstu staði, örnefni (t.d. fjöll í nágrenni okkar), áttir o.fl. Unnið með Ísland, bæði helstu landsvæði, Reykjavík, atvinnuvegi, stærstu jökla, eyjar, eldgos, dýralíf o.fl. Farið út, næsta nágrenni skoðað, teknar myndir og unnið með þær. Efni af netinu, unnið með kort, bókina <i>Ísland, landið okkar</i> lesin. Íslenski fáninn, forseti, Alþingi o.fl. upplýsingar um land og þjóð.
Annað	Ýmislegt efni úr bókum um íslensku sem annað mál, læra á klukku, árstíðir, mánuði, daga o.fl. Einstaklingsbundið er hvenær byrjað er á frekari málfræðikennslu, t.d. fallbeygingu o.fl.